



## Skólaráðsfundur 19.janúar 2012

**Mættir;** Andrés – fulltrúi grenndarsamfélags, Jón Ingi tæknideildin, Hannes fræðsluskrifstofa, Hólmfríður umhverfisfulltrúi, Lára Borg – fulltrúi nemenda, Sindri – fulltrúi nemenda, Guðmundína – fulltrúi kennara, Hjördís - fulltrúi foreldra, Erla – fulltrúi kennara, Björg - aðstoðarskólastjóri, Steinunn - fulltrúi kennara og Friðþjófur - skólastjóri

**Hólmfríður** hefur orðið : er verið að vinna að umferðisöryggismál fyrir bæinn. Óskar eftir athugasemdum frá skólaráðum í Kópavogi.

1. Álagspunkturinn frá Sporthúsinu, ekið út úr af mörgum stöðum, mikill umferðarþungi.
2. Lýsingu við brautina er ábótavant, merking kannski mætti vera betri.
3. Dalsmári er þrándur í götu. Er verið að spá í „kodka“ til að hægja á umferð.
4. Tryggja gönguleiðina frá skólanum og inn í dal. Auka lýsingu.
5. Arnarsmári leikskóli – mikill umferðarþungi og engin þrenging né gangbraut.
6. Fífuhammsvegur – Gullsmári, hæg ljósinn þar.
7. Spurt hvernig hægt er að tryggja leiðina frá Hvömmunum og í skólann.
8. Verið að skoða góðar stofnleiðir fyrir hjólréiðar.
9. Skoða stöllumina á bílastæði við Sporthúsið – getur verið hættulegt.
10. Svæðið þar sem brennan hefur verið er jafnvel hugsuð sem hátíðarsvæði t.d. á 17. júní.
11. Strætó nýtist vel hér og sér í lagi leið 28.
12. Íþróttafélögin þyrftu að stilla sig inn á strætóferðirnar – mjög flókið í framkvæmd.
13. Strætó 28 fer ekki í Fagralund og er það miður.
14. Tvisturinn gengur ekki eftir kl. sex, er í skoðun.
15. Íbúafundur áætlaður fljótlega en sökum aðstæðna er tímasetning er ekki á hreinu.
16. Friðþjófur lýsir ánægju með þennan fund frá öryggisumferðarnefnd.

Fulltrúar frá tæknideild, umhverfisráði og fræðsluskrifstofu víkja af fundi og fundurinn heldur áfram:

Friðþjófur ræðir um könnun á ferðavenjum 1. og 7. bekk. (sjá skyggnur).

Lífshlaupið – setning í Smáraskóla 1. febrúar (sjá skyggnur).

Fundur með stjórn foreldrafélagsins fyrirhugaður fljótlega þar sem farið verður yfir þær kannanir sem við höfum gert og úrbætur.

Forfallakennsla – boðið upp á viðbótartíma fyrir nemendur í þeim greinum þar sem forföll hafa verið tíð.

Andrés bendir á að kannski er gott að senda á foreldra tölvupóst ef falla niður tímar. Það er góð ábending og fer í skoðun.

Skólanefnd – ákvörðun tekin um sameiginlegt skóladagatal – (sjá skyggnur)

Engar athugasemdir voru gerðar á fundinum en óánægjuraddir heyrðust um skipulagsdaginn í maí.

Fjárhagsáætlun 2012 – (sjá skyggnur). Kópavogur hefur þjónustað vel sérkennslunemendur og foreldrar jafnvel flutt í bæinn vegna þessa.

Stjórnendur Smáraskóla eru byrjuð að skoða skipulag kennslu næsta skólaárs.

### **Önnur mál:**

Andrés – nýir kennarar, senda út tilkynningar til foreldra þegar kennarar koma inn í forföll.

Umræða um að nemendur í 10.bekk sjái um sjoppuna hjá okkur, Geitháls – fulltrúar nemenda tóku vel í það.

Fundi slitið: kl.18.05

Fundarritari: Björg B.